



**LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
[www.iltuis.is](http://www.iltuis.is)

**Skipulagsstofnun**  
b/t Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2008

**Efni:** Athugasemdir við tillögu að matsáætlun Björgunar ehf.

Útvegsmenn í Útvegsmannafélagi Suðurnesja og Útvegsmannafélagi Reykjavíkur sem stunda fiskveiðar í Faxaflóa hafa farið þess á leit að Landssamband íslenskra útvegsmanna gæti hagsmuna þeirra vegna umsóknar um endurnýjun leyfis til efnistöku Björgunar ehf. í Faxaflóa.

Björgun ehf. hefur lagt fram tillögu að matsáætlun vegna efnistöku af hafsbotni. Fyrirtækið áætlar að fyllingarefni til framkvæmda við sunnanverðan Faxaflóa verði í vaxandi mæli sótt í nánum í flóanum og óskar Björgun ehf. eftir stærtra námasvæði.

Leggia ber sérstaka áherslu á að kanna með ítarlegum hætti lífríkið á hafsbotninum og áhrif efnistöku á það og fiskveiðar. Í þessu sambandi er tekið undir með höfundum með tillögu að matsáætlun að efnistakan valdi breytingum á botninum og geti haft áhrif á uppgang nýjastofna og fiskveiðar.

Rétt er að taka fram að í Faxaflóa eru mikilvæg búsvæði þorsks, ýmissa kolategunda, sandsilis og fleiri fisktegunda. Sandsilastofnin hefur verið í mikilli lægð á undanförmum árum og því er sérstaklega mikilvægt að huga að því að hvort efnistaka úr flóanum hafi áhrif á viðkomu hans.

Fyrir liggur að aukin nánavinnsla fyrirtækisins gengur gegn ákveðnum hagsmunum útgerðaraðila á umræddu svæði. Á tilteknum stöðum myndu dæluskipin hrófla verulega við botninum sem gætu að óbreyttu dregið úr fiskveiðum. Hugsa verður því sérstaklega að samvinnu við útgerðaraðila á svæðinu um að rannsaka áhrif efnistökkunnar á notkun veiðarfæra og lífríkisins.

Tilgreint er að Hafrannsóknarstofnun muni taka saman upplýsingar um nýjastofna á svæðinu, hrygningu og hugsanleg áhrif efnistökkunnar á þessa þætti. Notkun neðansjávarmyndavélar myndi væntanlega nýfast vel bæði við könnun lífríkisins og veiðarfæra.

Við óskum eftir að vera upplýst um framgang málsins, fá að koma að athugasemdum á síðari stigum og erum reiðubúnir til samstarfs við þá aðila sem málið varða.

Viðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson